



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps

34. fundur

Haldinn að Hlíðavegi 6, miðvikudaginn 20. apríl 2016, kl 09:15.

Mætt: Yngvi Ragnar Kristjánsson, Helgi Héðinsson varamaður Jóhönnu Katrínar Þórhallsdóttur, Sigurður G. Böðvarsson, Guðrún Brynleifsdóttir, Friðrik Jakobsson,

og Jón Óskar Pétursson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning
2. Fundargerð Skipulagsnefndar frá 18. mars 2016
3. Umsókn um rekstarleyfi gististaðar í flokki I
4. Bréf Jóhönnu Katrínar Þórhallsdóttur dags. 8. apríl 2016
5. Bréf Sambands Íslenskra sveitarfélags dags. 31. mars 2016
6. Málefni Dvalarheilisins Hvamms
7. Jafnréttisáætlun Skútustaðahrepps
8. Aðalfundarboð Mýsköpunar 2016
9. Hluthafafundur Mývatnsstofu
10. Bréf framkvæmdasjóðs ferðamannastaða dags. 31. Mars 2016
11. Ársreikningur Skútustaðahrepps 2015- fyrri umræða
12. Skýrsla sveitarstjóra-munnleg

Efni til kynningar

Fundargerð Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra frá 9. mars 2016

Fundargerð Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra frá 6. apríl 2016

Efni frá Aðalfundi Mývatnsstofu

Ársreikningur Mývetnings 2015

1. Oddviti setti fund og lagði til að nýjum lið 9. *Hluthafafundur Mývatnsstofu* og nýjum lið 10. *Bréf framkvæmdasjóðs ferðamannastaða dags. 31. mars 2016*, yrði bætt á dagskrá. Aðrir liðir færast aftur sem því nemur. Samþykkt samhljóða.
2. Fundargerð skipulagsnefndar frá 18. apríl 2016. Fundargerðin er í sex liðum.
Liður 1 . Kröflulína 4. Umsókn um framkvæmdaleyfi.
Sveitarstjórn samþykkir umsókn Landsnets um framkvæmdaleyfi vegna Kröflulínu 4 og felur skipulags- og byggingarfulltrúa falið að gefa út framkvæmdaleyfið í samræmi við reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012. *Sveitarstjórn áréttar bókun skipulagsnefndar um að æskilegra hefði verið að hluti línunnar hefði verið lagður í jörð þar sem er að ræða óraskað land. Jafnframt vekur sveitarstjórn athygli á að með kerfisáætlun og breytingu á raforkulögum 65/2003 sbr. 9 gr. c. hefur sjálfsákvörðunarréttur sveitarfélga verið skertur verulega sem leiðir af sér að áhrif sveitarfélaga á ákvörðun um landnóktun eru verulegum annmörkum háðar. Helgi Héðinsson vék af fundi við afgreiðslu þessa liðar.*
Liður 2. Sorpflokkunarsvæði í landi Grímsstaða. Breyting á aðalskipulagi
Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við lýsinguna og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að kynna hana fyrir íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum eins og 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.

YRK

Liður 3. Olnbogaás 1, Hótel Laxá. Breyting á aðal- og deiliskipulagi.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við tillögurnar á þessu stigi og felur skipulags- og byggingarfulltrúa málsmeðferð vegna kynningar, auglýsingar og staðfestingar á tillögunum eins og skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leyti.

3. Nadia Hamdan Chentouf, kt.160974-4279, sækir um nýtt rekstrarleyfið til sölu heimagistingar í flokki I í Helluhrauni 5, 660 Mývatn. Samkvæmt 10. gr. laga um veitinga- og gististaði nr. 85/2007 og 23. gr. reglugerðar nr. 585/2007 er óskað umsagnar sveitarstjórnar um umsókn þessa. *Sveitarstjórn veitir jákvæða umsögn að uppfylltum skilyrðum sem skipulags- og byggingarfulltrúi og aðrir umsagnaraðilar kunna að setja.*
4. Í bréfinu óskar Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir varaoddviti eftir leyfi frá stöfum í sveitarstjórn tímabilið 15. apríl – 1. september 2016 vegna fæðingarorlofs. *Sveitarstjórn samþykkir beiðni um leyfi umrætt tímabil. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að Helgi Héðinsson taki sæti aðalmanns í sveitarstjórn tímabilið 15. apríl -1. september 2016. Sigurður G. Böðvarsson mun gegna embætti varaoddvita á umræddu tímabili.*
5. Í bréfinu er kallað eftir afstöðu sveitarfélagana til vegna fyrirkomulags heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga í tengslum við frumvarp til breytingar á lögum um hollustuhætti og vinnustaði nr 7/1998. *Sveitarstjórn Skútustaðahrepps sér ekki ástæðu til breytinga á núverandi fyrirkomulagi heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og leggur áherslu á að eftirlit með starfsleyfis skyldri starfsemi skuli að meginstefnu sinnt af staðbundum stjórnvöldum.*
6. Viðvarandi taprekstur hefur verið hjá Leigufélaginu Hvammi á liðnum árum og miðað við fjárhagsáætlun félagsins fyrir árið 2016 verður áfram tap á rekstri þess. Samkvæmt fyrirbyggjandi ársreikningi fyrir árið 2015 kemur fram í efnahagsreikningi félagsins að eigið fé félagsins er neikvætt um 54 mkr., sem að mestu er tilkomið vegna virðisryrnunar á fasteignum félagsins á árinu 2014. Eiginfjárlutfall félagsins er neikvætt um 30% auk þess sem veltufjárlutfall félagsins í árslok er einungis 0,02. Félagið reiðir sig því á stuðning frá eigendum sínum til að tryggja áframhaldandi rekstrarhæfi félagsins a.m.k. út yfirstandandi rekstrarár (2016). Þess er því óskað að eigendur félagsins lýsi því yfir skriflega að þeir muni styðja við félagið a.m.k. út yfirstandandi rekstrarár og þar með leggja grunn að forsendum reikningssskila félagsins sem miðast við áframhaldandi rekstur. Stjórnendur félagsins munu á núverandi rekstrarári áfram leita leiða til þess að finna lausn á viðvarandi taprekstri félagsins *Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkir að styðja við rekstur Leigufélgs Hvamms út rekstarárið 2016 í samræmi við eignarhlut.*
7. Drög lögð fram til kynningar. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.
8. Í bréfinu er boðað til Aðalfundar Mýsköpunar sem haldinn verður þann 25. apríl 2016 í húsnæði björgunarsveitarinnar Stefáns og hefst kl 16:00. *Sveitarstjóra falið að fara með umboð sveitarfélagsins á fundinum.*
9. Í bréfinu er boðað til hluthafafundar Mývatnsstofu sem haldinn verður í Hótel Reynihlíð miðvikudaginn 4. maí kl 13:00. *Samþykkt að Friðrik Jakobsson fari með umboð sveitarfélagsins á fundinum.*
10. Í bréfinu er tilkynnt um afgreiðslu sjóðsins á umsókn Skútustaðahrepps vegna 1. áfanga verkefnisins Hjóla- og göngustígur umhverfis Mývatn. Samþykkt styrkuppþæð er kr 4.000.000. Skv. reglum sjóðsins er krafist 20% mótframlags. *Sveitarstjóra falið að vinna tillögu að viðauka við fjárhagsáætlun vegna mótframlagsins og leggja fyrir sveitarstjórnarfund. Sveitarstjóra og Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að vinna áfram að málinu.*
11. Til fundarins er mættur Arnar Árnason endurskoðandi hjá KPMG. Arnar kynnti ársreikning Skútustaðahrepps fyrir árið 2016 og lagði fram endurskoðunarskýrslu. Umræður urðu um ársreikninginn og svaraði Arnar

GPR

- fyrirspurunum sveitarstjórnar um einstaka liði. Arnar véc af fundi að loknum umræðum. Sveitarstjórn samþykkir að vísa ársreikningnum til síðari umræðu.
12. Sveitarstjóri gerði grein fyrir helstu verkefnum sem unnið hefur verið að frá síðasta reglubundna fundi sveitarstjórnar.

Fundi slitið kl 11:00




Yngvi Ragnar Kristjánsson




Helgi Héðinsson



Guðrún Brynleifsdóttir



Sigurður G. Böðvarsson



Friðrik Jakobsson



Jón Óskar Pétursson